

Sp.

497. Nefndarálit

[117. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin ræddi tillöguna á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar.

Minni hlutinn (EÁ, GíslG, RA) leggur til, að till. verði samþykkt, en undirritaðir telja rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Umsagna var leitað hjá Félagi ísl. iðnrekenda, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Efnahagsstofnuninni.

Hinir fjórir fyrst töldu aðilar mæla með samþykkt till. En Efnahagsstofnunin telur ekki þörf á samþykkt hennar.

Fyrir liggur, að á síðustu árum hefur fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar verið unnið skipulega að athugunum og að lausn ýmissa þeirra vandamála, sem flutningsmenn till. telja að athugunar þurfi við. Má þar nefna setningu laga um eflingu iðnlánasjóðs, er samþykkt voru 25. marz 1963, og lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, er samþykkt voru 4. maí 1964. Hefur iðnaðarmálaráðherra beitt sér fyrir því, að Seðlabanki Íslands hefði forgöngu um samstarf milli bankanna í sambandi við fyrirhugaða framkvæmd laganna á grundvelli reglugerðar, sem þar um yrði sett. Mun nú svo komið, að reglugerðin verði bráðlega gefin út og breyting lausaskuldanna í umsamin föst lán geti þá hafizt.

Upplýst er, að á árinu 1963 fól ríkisstjórnin norskum sérfræðingi, Arne Haarr, að athuga aðlöðunarvandamál íslensks iðnaðar. Skýrsla hans mun birtast innan skamms. Þá mun framhaldsathugun vera í undirbúningi.

Iðnaðarmálaráðherra skipaði í september 1964 nefnd til athugunar á vandamálum veiðarfæraíðnaðarins í landinu. Einnig skipaði hann á því ári nefnd til athugunar á iðnrekstri í kaupstöðum og kaupúnum, þar sem atvinna er ónóg.

Einnig má benda á, að á vegum ríkisstjórnarinnar er starfandi sérstök tollskrárnefnd, sem falið hefur verið að reikna út tollvernd iðnaðarins og meta áhrif þau, sem tollbreytingar kunna að hafa á iðnaðinn í landinu. Hefur fulltrúi í iðnaðarmálaráðuneytinu nýlega tekið sæti í nefndinni til þess sérstaklega að fjalla um þau tollamál, sem iðnaðinn varða. Alþingi hefur einnig nýlega afgreitt sem lög tollskrárbreytingu, sem felur í sér mjög verulega tollalækkun á iðnaðarvélum, úr 35% í 25% og 15%, enn fremur enn meiri tollalækkun á innfluttum dráttarbrautum til skipaviðgerða og skipasmíða og jafnframt gert ráð fyrir endurgreiðslum á tollum á efnivörum til smíði dráttarbrauta innanlands.

Af framanrituðu má ljóst vera, að vandamál iðnaðarins eru nú þegar í athugun hjá ýmsum aðilum fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því telja undirritaðir ekki þörf á samþykkt till., en leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 14. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson,
form.

Matthías Bjarnason,
fundaskr.
Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson,
frsm.